



Borgarráð

Reykjavík, 25. nóvember 2025

MSS25100145

6. úttekt GRECO á Íslandi - Varnir gegn spillingu á sveitastjórnarstigi

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í úttekt á vegum GRECO (Samtök ríkja gegn spillingu á vegum Evrópuráðsins) sem beinist að sveitarfélögum á Íslandi sbr. hjálagt erindi frá Dómsmálaráðuneytinu. Þátttaka í úttektinni er bundin því skilyrði að ekki falli annar kostnaður á Reykjavíkurborg en vinna starfsfólks.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi Dómsmálaráðuneytisins til borgarráðs um fyrirhugaða úttekt GRECO á Íslandi.



Reykjavík



Borgarráð,
Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík

Dagsetning **22. október 2024**
Málsnúmer **DMR25100176**

Fyrirhuguð 6. úttekt GRECO á Íslandi – Varnir gegn spillingu á sveitarstjórnarstigi.

Á næsta ári mun fara fram 6. úttekt á vegum GRECO (Samtök ríkja gegn spillingu á vegum Evrópuráðsins) sem beinist að sveitarfélögum á Íslandi.

GRECO starfar á vegum Evrópuráðsins og hefur það hlutverk að efla aðildarríki í baráttunni gegn spillingu með því að fylgjast með framkvæmd alþjóðlegra staðla, veita ráðleggingar og stuðla að gagnkvæmu mati og úrbótum. Nú stendur fyrir dyrum 6. úttektin, sem leggur sérstaka áherslu á stjórnsýslu sveitarfélaga, gagnsæi, forvarnir gegn hagsmunaaðrekstrum og aðgerðir til að efla traust almennings.

Dómsmálaráðuneytið hefur farið með formennsku íslensku sendinefndar GRECO undanfarin ár og hefur því það hlutverk að skipuleggja úttektir samtakanna hér á landi. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að íslensk stjórnvöld hafa gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar gagnvart Evrópuráðinu um að taka þátt í starfi GRECO en í því felst m.a. að veita fulla samvinnu við framkvæmd úttekta þeirra.

Fyrirkomulag úttektarinnar er með þeim hætti að hún beinist að tveimur aðskildum sveitarfélögum og valdi GRECO að taka út annars vegar höfuðborgina Reykjavík og hins vegar Akureyri. Aðkoma sveitarfélaganna að úttektinni felst í eftirfarandi:

1. Veita liðsinni og aðstoð við að svara spurningalista GRECO um varnir gegn spillingu á vegum sveitarfélaganna. Ráðuneytið mun hafa yfirumsjón með því að svara spurningunum og veita alla þá ráðgjöf og aðstoð sem sveitarfélögin þurfa við að svara þeim spurningum sem beint er sérstaklega að þeim. Gert er ráð fyrir að senda svör við öllum spurningum í mars á næsta ári.
2. Taka þátt í úttektarheimsókn GRECO sem fram fer dagana 28. sept. – 2. okt. 2026. Viðkomandi sérfræðingar sveitarfélaganna þurfa að sitja fyrir svörum um atriði sem varða varnir gegn spillingu. Ráðuneytið fer með skipulagningu og yfirumsjón með heimsókninni.
3. Veita aðstoð og liðsinni við að svara fyrir úttektarskýrslu GRECO sem gefin verður út í kjölfar heimsóknarinnar, væntanlega um mitt árið 2027.
4. Veit aðstoð og liðsinni við að innleiða tilmæli sem fram koma í fyrirhugaðri úttektarskýrslu og varða það að efla varnir gegn spillingu á vegum sveitarfélagsins.

Með vísan til þessa er óskað eftir staðfestingu þess að sveitarfélagið muni taka þátt í úttektinni og veita ráðuneytinu aðstoð og liðsinni vegna framangreindra atriða.

Virðingarfyllst,

Kjartan Ólafsson

Kjartan Ólafsson,
formaður sendinefndar Íslands á vegum GRECO